



FÉLAGSBÚSTAÐIR HF.



# Fréttabréf



Desember 2009 - 2. tölublað - 12. árgangur

Hallveigarstíg 1, 101 Rvk. - sími 520-1500

## Óvenjuleg staða á húsnæðismarkaði

### *Hvað er framundan?*

Það sem af er þessu ári hefur ríkt óvenjulegt ástand á leigumarkaði í Reykjavík. Framboð íbúða á almennum leigumarkaði hefur aukist mikið með tilheyrandi lækkun leiguverðs. Er nú svo komið að leiguverð á almennum leigumarkaði er nánast sambærilegt leiguverði hjá Félagsbústöðum einkum á stærri íbúðum.

Við þessar aðstæður er ekki óeðlilegt að þeir leigjendur sem treysta sér til þess bæði fjárhagslega og félagslega flytji á almennan markað sérstaklega ef íbúðir bjóðast á þeim stöðum í borginni sem betur henta til búsetu með tilliti til aðstæðna leigjandans. Þannig hefur skapast aukið rými hjá Félagsbústöðum fyrir umsækjendur á biðlista sem ekki treysta sér til þess að leigja á almennum leigumarkaði.

Undanfarinn áratug hafa Félagsbústaðir hf. keypt um 100 íbúðir á hverju ári og eru íbúðir félagsins í dag 2158 talsins, eða sem nemur 4,6% af öllu íbúðarhúsnæði í borginni. Fjölgun íbúða á árinu 2009 verður hins vegar einungis 15 íbúðir, nær eingöngu þjónustuíbúðir aldraða en ráðgert er fjölga um 5 íbúðir á árinu 2010.

Ólíklegt má telja að þetta aukna framboð leiguhúsnæðis á almennum leigumarkaði verði viðvarandi í þeim mæli sem verið hefur og líklegt að það gangi til baka að einhverju leyti með bættum þjóðarhag.

Hvenær það verður er erfitt sjá fyrir, en ekki er ósennilegt að leiguverð fari aftur hækkandi á næstu árum nema hugað verði að því að efla almennan leigumarkað til þess að mæta húsnæðisþörf ungs fólks og þeirra sem bæði kjósa og hafa fjárhagslega getu til að leigja á almennum leigumarkaði.



Austurbrún 6



FÉLAGSBÚSTAÐIR. IS



## Jólin nálgast

Aðventan er nú gengin í garð og senn líður að jólum og áramótum. Á þessum hátíðlega tíma ársins vilja Félagsbústaðir koma fáeinum ábendingum á framfæri til leigjenda sinna. Í kringum jólin og nýár myndast oft mikið sorp tengt jólahreingerningum, auglýsingabæklingum gjafapappír o.s.frv. og eru leigjendur beðnir að gæta þess að stífla ekki sorprennur með of miklu magni eða "lögum" sorpsins. Hátíð ljóssins fylgir einnig aukin kertanotkun, margvíslegar ljósaseríur og flugeldanotkun en í öllu þessu er ávallt fólgin aukin eldhætta. Að því tilefni hafa Félagsbústaðir hf. að nýju tekið höndum saman með VÍS og SHS og haldið áfram með átak um eldvarnir sem hófst fyrir á árinu. Fréttabréfinu fylgja því

leiðbeiningar um eldvarnir ásamt jólagjöf frá VÍS í formi rafhlöðu í reykskynjara.

Að lokum ber að taka það fram að skrifstofa Félagsbústaða er opin þann 23. desember til kl. 16:00 og alla virka daga á milli jóla og nýárs.

Félagsbústaðir hf. óska öllum sínum leigjendum og samstarfsaðilum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs með þökk fyrir samstarfið á líðandi ári.



Gleðileg jól og farsælt komandi ár

### Vefpulan á heimasíðunni

**HEIMASÍÐA** Félagsbústaðir hf. hafa tekið tölvuforritið *Vefpulan* í notkun á heimasíðu sinni. *Vefpulan* er talgervill sem les upp þann texta sem er á skjánum hverju sinni og auðveldar því aðgengi að heimasíðunni fyrir þá sem eru blindir, sjónskertir eða eiga við lestrarörðugleika að stríða.

Forritið er afar einfalt í notkun og eru greinargóðar leiðbeiningar í frétt á heimasíðunni. Til gamans má geta að upplesturinn annast fyrrum sjónvarpsþulan Ragnheiður Elín Clausen, en hún ljáði þulunni rödd sína og gengur því tölvuröddin undir nafninu Ragga.

Félagsbústaðir hf. líta á það sem hlutverk sitt að vinna að bættu aðgengi fyrir notendur að þjónustu fyrirtækisins, hvort sem það er innan íbúðar, í stigagangi fjölbýlishúsa í sinni eigu eða á heimasíðu sinni. *Vefpulan* er því kærkomin viðbót í átt að bættu aðgengi fyrir alla.

vefpulan 

Útgefandi:  FÉLAGSBÚSTAÐIR HF.  
Hallveigarstig 1, 101 Rvk.  
Sími: 520-1500 - Fax: 520-1516  
Upplag: 2300 eintök  
Abyrgðarmaður: Sigurður Kr. Friðriksson  
www.felagsbustadir.is

### Viðurkenning Sjálfsbjargar

**ADGENGI** Í tilefni af Alþjóðadegi fatlaðra hjá Sameinuðu þjóðunum hefur Sjálfsbjörg Isf. veitt viðurkenningar til aðila sem gert hafa góða hluti í aðgengismálum. Í ár var í fyrsta sinn einstaklingi veitt viðurkenning fyrir frammúrskarandi góða vinnu í þeim málaflokki.

Sá sem hana hlaut var Þórarinn Magnússon verkfræðingur, forstöðumaður framkvæmdadeildar Félagsbústaða hf. og var hún veitt með viðhöfn þann 3. desember sl. í Gerðarsafni. Þórarinn er höfundur skýrslunnar *Staða aðgengismála á Norðurlöndum* sem kom út árið 2006 á vegum Félagsbústaða hf. og hefur vakið verðskuldaða athygli víðsvegar.



Sjálfsbjörg og aðgengisskýrslan góða

### Símatímar Félagsbústaða

**Þjónustudeild** - kl. 9:00- 10:00  
í síma 520-1500 alla virka daga.

**Innheimtustjóri** – kl. 11:00-12:00  
í síma 520-1500 alla virka daga.

**Bilanatilkynningar** – kl. 13:00-15:00  
í síma 557-9664 alla virka daga.